

Greiðslukort Ísafjarðarbæjar



Nafn korthafa _____ Kennitala korthafa _____

Stofnun _____ Farsímanúmer _____ Netfang _____

Tegund korts:

- Innkaupakort.** Árgjald 2.000, tryggingar engar. Hentar vel til kaupa á rekstrarvörum og fyrir önnur regluleg útgjöld
- Almennt viðskiptakort.** Árgjald 9.900, ferðatryggingar 3 punktar. Hentar vel fyrir þá sem ferðast lítið fyrir hönd fyrirtækis og vilja ódýrt kort
- Gull viðskiptakort.** Árgjald 16.900, ferðatryggingar 4 punktar. Hentar vel fyrir þá sem ferðast fyrir hönd fyrirtækis og þarfnast góðrar ferðatryggingar.

Úttektarheimild _____

ef þessi reitur er ekki fylltur út verður heimildin sjálfkrafa sett í 300.000 kr.

Greiðslukortareglur

1. **Notkun:** Kortið er eingöngu ætlað til einstakra kaupa á eftirtöldum vörum/þjónustu:
 - Flug innanlands/erlendis.
 - ÁVALLT skal bóka flug í gegnum fyrirtækjaaðgang hjá Icelandair.
 - Fyrirtækjaaðgangur: <https://business.icelandair.com/> - innskráning með Sagaclub auðkenni. Netfang og lykilorð.
 - Nauðsynlegar vörur og þjónusta þegar dvalið er erlendis eða keypt erlendis frá.
 - Hugbúnaður/forrit/smáöpp í netsölu sem ekki í boði er að fá reikning fyrir.
2. **Vörur og þjónusta í reikningsviðskipti:**
 - Áður en kaup fara fram skal athuga hvort seljandi sé í reikningsviðskiptum við Ísafjarðarbæ.
 - Upplýsingar fást hjá viðkomandi fyrirtæki og á bokhald@isafjordur.is
 - Ef reikningsviðskipti eru ekki til staðar skal senda beiðni á bokhald@isafjordur.is um stofnun þeirra.
 - **Greiðslukort skal EKKI notað m.a. hjá eftirfarandi fyrirtækjum:**
 - Innland fyrirtæki og fyrirtæki staðsett á Ísafirði s.s. Bakarinn – Bónus – Hamraborg – Húsasmiðjan – Húsið – Hótel Ísafjörður – Nettó – Penninn – Smiðjan - Tjöruhúsið – Vélsmiðjan Þristur – Vínbúðin.
 - Innland fyrirtæki með netverslun á Íslandi: s.s. Elko – Ikea – Rúmafatalagerinn – Byko.
 - Bílaleigum, gistiheimilum og hótélum sem starfa á Íslandi.
3. **Smá-öpp:** áður en app er keypt skal athuga hvort appið samræmist persónuverndarreglum. Viðkomandi forstöðumaður ber ábyrgð á kaupum, en hægt er að leita aðstoðar á personuvernd@isafjordur.is. Hér er listi yfir öpp sem búið er að meta: <https://stafraen.sveitarfelog.is/ahaettugreining-kennsluhugbunadar/>

4. **Forrit:** ávallt skal bera forrit undir innkaupa- og tæknistjóra áður en þau eru keypt. Þar þarf að huga að gjöldum, vinnslusamningi, persónuvernd o.fl.
5. **Kvittanir:** Bókhaldsdeild stjórnsýslu- og fjármálasviðs skal fá kvittanir fyrir ÖLLUM úttektum á kortinu.
 - Frumritum kvittana skal skila á pappír í möppu í bókhaldi sem merkt er „VISA Innk.kort gagnaskil“. Þetta á jafnframt við um rafrænar kvittanir, en þær þarf að prenta út.
 - Koma skal öllum kvittun STRAX til bókhalds, eftir að kaup hafa farið fram. Sé um langan veg að fara er heimilt að koma þeim til bókhalds í lok úttektar-mánaðar.
 - Korthafi skal samþykkja allar kvittanir með upphafsstöfum og dags. og merkja með málaflokki (og helst bókhaldslykli) eða gera grein fyrir bókun á annan hátt og setja viðeigandi fylgigögn með.
6. **Óheimilt er að nota kortið til persónulegra úttekta:** Komi slíkt til verður sú úttekt dregin frá við næstu útborgun launa ef ekki hefur þegar verið endurgreitt vegna hennar. Aðalbókari skal gera launadeild og næsta yfirmanni viðvart um slíkar úttektir. **Misnotkun korts getur leitt til áminningar og/eða uppsagnar.**
7. **Netbanki og greiðsluapp Landsbanka:** Landsbanki stofnar aðgang fyrir korthafa í netbanka korthafa og í Landsbankaappinu þar sem korthafi fær aðgang að öllum upplýsingum um kreditkortið sem stofnað var á hans nafni, þ.m.t. upplýsingar um númer kreditkortsins, stöðu og hreyfingayfirlit.

Yfirlýsing korthafa

Með undirritun minni staðfesti ég að hafa kynnt mér Almenna viðskiptaskilmála Landsbankans eins og þeir eru birtir á vef Landsbankans, samþykki þá að öllu leyti og skuldbind mig til að hlýða þeim í hvívetna. Skilmálana má finna hér:

<https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar>

Jafnframt staðfesti ég að hafa kynnt mér þær reglur bankans sem gilda um notkun korts og ábyrgð og um varðveislu korts, PIN og annarra persónubundinna öryggisþátta. Þá samþykkir ég af fúsum og frjálsum vilja þá vinnslu persónuupplýsinga sem kveðið er á um í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans.

Með undirritun minni staðfesti ég jafnframt að hafa kynnt mér reglur þessar um notkun greiðslukorta Ísafjarðarbæjar og samþykki að fylgja þeim í hvívetna.

Staður, dagsetning

Samþykki korthafa

Staðfesting yfirmanns/fjármálastjóra